

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í KVIKMYNDALÆSI, 9. OG 10. BEKKUR

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Námsáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Læsi til náms: Samlestur, samáhorf, hugtakaskilningur og margræðni merkingar eru þeir þættir læsis til náms sem fyrst og fremst er unnið með í valgreininni kvikmyndalæsi. Kennari kynnir kvikmyndirnar sem horft er á áður en áhorf hefst og ráðleggur nemendum hvað gott er að hafa í huga við áhorfið.

Ýmis hugtök sem nemendur hafa efalítið ekki kynnst áður eru rædd og skoðuð. Nemendur eru svo hvattir til að láta í ljós sína skoðun og túlkun á margræðninni sem myndirnar setja fram, enda eru flestar þeirra listaverk sem bjóða upp á fleiri en einn möguleika til túlkunar. Kvikmyndamiðillinn sem afþreying og markaðsvara er einnig rædd og „lesin“.

Kennari: Kristján Hrafn Guðmundsson kristjang@gardaskoli.is

Lota 1

Vikur 34 - 40 21. ágúst - 6. okt.

21.08. Skipulagsdagur

06.09. Námskynningar

18.09. Skipulagsdagur

02.-06.10. Forvarnarvika Garðabæjar

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
<ul style="list-style-type: none">- Kynning á valgreininni- Lesið og rætt um uppbyggingu kvikmyndahandrita. Skoðað út frá atburðarás og persónusköpun í módelinu „Ferð hetjunnar“.- <i>Star Wars</i> sem markaðsfyrirbæri- Jafnrétti í kvikmyndum: Bechdel-próf bíóheimsins	<ul style="list-style-type: none">- Ljósrit úr bókinni <i>Ferð höfundarins</i> (höf. Christopher Vogler).- <i>Star Wars: A New Hope</i> (leikstj. George Lucas)- <i>Fúsi</i> (leikstj. Dagur Kári)- <i>Silence of the Lambs</i> (leikstj. Jonathan Demme)	<p>Skilaverkefni: Greining nemenda (1-2 saman) á kvikmynd út frá módelinu „Ferð hetjunnar“.</p> <p>Nemendur fá að skila verkefninu tvisvar. Kennari bendir á hvað má betur fara eftir fyrri skil.</p>
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		
Skapandi og gagnrýnin hugsun. Tjáning og miðlun. Ábyrgð og mat á eigin námi.		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í KVIKMYNDALÆSI, 9. OG 10. BEKKUR

Lota 2

Vikur 41 - 45 9. okt. – 10. nóv.

16.10. Bíóferð í Bíó paradís

17.10. Samráðsdagur heimilis og skóla

27.10. Skipulagsdagur

01.-03.11. Gagn og gaman

Viðfangsefni - Saga kvikmyndanna - Listformið skoðað í sögulegu ljósi. Áhersla á þrjá áhrifamenn: Charlie Chaplin, Orson Welles og Alfred Hitchcock. - Hópfurð í Bíó paradís 16. október til að horfa á <i>North by Northwest</i> .	Námsefni - Brot úr myndum C. Chaplin (t.d. <i>Modern Times</i>), Buster Keatons o.fl. - <i>Citizen Kane</i> (leikstj. O. Welles) - <i>North by Northwest</i> (leikstj. Alfred Hitchcock) - <u>Ljósritað lesefni frá kennara.</u>	Leiðsagnarmat og annað námsmat Próf í lok lotunnar.
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Skapandi og gagnrýnin hugsun. Tjáning og miðlun. Ábyrgð og mat á eigin námi.		

Lota 3

Vika 46 – 47 13. – 24. nóv.

29.11. Skipulagsdagur

Viðfangsefni Íslenski kvikmyndabransinn: Óskar Þór Axelsson kvikmyndagerðarmaður ræðir við nem. og svarar spurningum.	Námsefni - <i>Ég man þig</i> (leikstj. Óskar Þór Axelsson) - Umræður með ÓÞA, leikstj. og handritshöfund, eftir áhorfið (líklega 30. nóv.).	Leiðsagnarmat og annað námsmat Þátttaka í umræðum með ÓÞA.
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Skapandi og gagnrýnin hugsun.		

Lota 4

Vika 48 – 50 28. nóv. – 15. des.

19.12. Jólabókaflóð / 20.12. Jólaskemmtun / 21.12. Jólaleyfi

hefst

Viðfangsefni - Myndataka og merking hennar. Mismunandi sjónarhorn o.fl. rædd. - Nemendur (2-3 saman) æfa sig í að skrifa handrit að stuttmynd/stiklu og að taka efnið upp.	Námsefni - Efni frá kennara (glæsur) - Myndbrot úr völdum kvikmyndum.	Leiðsagnarmat og annað námsmat Verkefni: Stuttmynd/stikla sem nemendur gera
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í KVIKMYNDALÆSI, 9. OG 10. BEKKUR

Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		
Að nemandi geti ...		
<ul style="list-style-type: none">• notað hentuga miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu efnis.• áttað sig á mismunandi túlkunum.• tekið upplýsta afstöðu til upplýsinga.• gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar.		

Á vormisseri verður unnið með kvikmyndir frá fleiri þjóðlöndum, t.d. nokkrum Evrópulöndum (Frakklandi, Danmörku o.fl.), Suður-Ameríku og Asíu. Á meðal þess sem einblínt verður á er:

- mismunandi þjóðfélagskipan og líf fólks og hvernig það endurspeglast í umhverfi persóna í tveimur kvikmyndum
- hin byltingarkennda Dogma-kvikmyndastefna frá Danmörku
- munur á kvikmyndum þar sem önnur þeirra er byggð á hinni, en heimshöf, tungumál og tímabil skilja þær að
- læsi á myndir í fjölmiðlum og auglýsingum
- tilraunakenndar kvikmyndir og velt upp spurningunni hvað valdi því að kvikmynd sé stimpluð „léleg“

Undirliggjandi í flestum verkefnum eru einnig þær þættir kvikmyndalistarinnar sem unnið var með á haustmisseri.

